

snúningur ljóskróunnar fari fram á rjettum tíma, fullvissa sig um að vitinn logi nægilega skært, að loptsúgurinn í vitanum sje í góðu lagi, að ljóskróna og ljóskersrúður sjeu vel fægðar og gljáandi, og að nægur forði sje fyrir hendi af öllum neyzluefnum, gæta að því, að öllum munum vitanna og húsakynnum utan og innan sje haldið sómasamlega við, og ber hann ábyrgð á því, ef vitarnir skyldu eigi koma að fullum notum eða eitthvað í ólagi fara sökum ónógs eptirlits frá hans hálfu.

#### 9. gr.

Að lokinni skoðunargjörð skal hann rita í dagbók vitans, hvenær skoðunargjörðin hafi fram farið, og hafi eitthvað verið athugasvert við vitana, þá skal hann geta þess í dagbókinni, og það svo, að sjá megi, hvort það, sem vitanum eða áhöldum hans kann að vera ábótavant, stafi af hirduleysi vitavardar eða af öðrum orsökum; ritar síðan nafn sitt undir athugasemdir þessar.

#### 10. gr.

Gjóri einhver vitavörður sig sekan í hirduleysi og slæmri meðferð á vitafærum, svo að vitinn hljóti tjón af, þá skal gæzlustjóri senda skýrslu um það til landshöfðingja og tillögur sínar um það, hvort vikja skuli vitaverði frá eða ekki; svo skal hann og láta uppi álit sitt um það, hver settur skuli vitavörður, ef vitavardarstada losnar, eða hverjir vitaverðir skuli fluttir frá einum vita til annars, þar sem er vandasamara starf og hærri laun.

#### 11. gr.

Þegar um einhver störf er að ræða við vitana, annaðhvort smíðar eða annað, sem nokkurri verulegri þeuíngaupphæð nemur, þá skal gæzlustjóri auglýsa verkið fyrir fram og fá tilboð þeirra manna, sem taka vilja verkið að sjer, og velur hann þá það tilboð, sem hann álitur best.

Reykjavík 6. janúar 1898.

Landshöfðingiinn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Arnasonar árið 1897.

6

#### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1897 B. 3. bls.):
  - a. Innritunarskirteini Ltra A. fol. 103 . . . . . kr. 34000 00
  - b. Lán gegn fasteignarveði . . . . . — 11975 00
  - c. Ógoldnir vextir . . . . . — 4 00
  - d. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . . 754 94

kr. 46733 94

**6. 2. Arsvextir:**

a. Af innritunarskírteini til $^{11}/_6$ og $^{11}/_{12}$ '97 . . . . .	kr. 1190 00	
b. Af lánum gegn fasteignarveði til $^{11}/_6$ '97 . . . . .	— 453 23	
c. Af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ '97 . . . . .	— 45 41	kr. 1688 64
		<hr/> Samtals kr. 48422 58

## Utgjöld:

1. Liffje Sigríðar Arnadóttur systur gefandans . . . . .		kr. 400,00
2. Sjóður við árslok:		
a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 103 . . . . .	kr. 34,000,00	
b. Lán gegn fasteignarveði . . . . .	— 11,916,67	
c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	— 2,105,91	— 48,022,58
		<hr/> Samtals kr. 48,422,58

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík, 6. janúar 1898.

**Magnús Stephensen.**

### Umsóknir

um styrk þann, er í fjárlögnum fyrir 1898, 13. gr. B. 34, er ætlaður tveim mönnum til að fara á landbúnaðarsýninguna í Björgvin að sumri, verða að vera komnar til landshöfðingja innan loka aprilmánaðar næstkomanda.

### Embættisskipan og sýslana o. fl.

11. janúar var settur hjeradstæknir læknaskólakandidat Jón Jónsson allramildilegast skipaður hjeradstæknir í 13. læknishjeradi Íslands.

24. s. m. var settur prófastur presturinn síra Kjartan Helgason að Hvammi skipaður af biskupi reglulegur prófastur í Dalaprófastsdæmi.